



## Fundargerð Íþróttafélagið Höttur

### 1. Skipulag fundar

**Heiti fundar:** 14. fundur Aðalstjórnar  
**Fundarstjóri:** Davíð Þór Sigurðarson  
**Fundarritari:** Davíð Þór Sigurðarson

**Dagsetning:** 04.09. 2011  
**Staður:** Hettan  
**Tími :** 20:00

#### Pátttakendur:

Davíð Þór Sigurðarson, formaður aðalstjórnar	Kristján Gunnþórsson, staðgengill fótboltadeildar
Jóney Jónsdóttir, formaður frjálsíþróttadeildar	Faney Bóasdóttir, formaður sunddeildar
Jón Jónsson, varaformaður fimleikadeildar	
Jón Óli Benediktsson, aðalstjórn	
Kristbjörg Jónsdóttir, aðalstjórn	

#### Fjarverandi:

Magnús Jónsson, stjórn fótboltadeildar	Magnús Ásmundsson, formaður körfuboltadeildar
Anna Alexandersdóttir, formaður fimleikadeildar	
Elínborg Valsdóttir, formaður Blakdeildar	

### 2. Markmið fundar

Markmið fundarins er að fara yfir stöðu komandi verkefna og þeirra sem verið er að vinna að.

### 3. Fundardagskrá

Fundarefni	Stjórnandi umræðu	Tími (mín)
Notkun á Hettunni	Davíð	20
Styrk úthlutun 2011	Davíð	5
Stefna gegn einelti	Davíð	10
Afhending fána	Davíð	10
Lán til fimleikadeildar	Davíð	10
Styrktaraðilar nýjir	Davíð	10
Jafnréttisstefna	Davíð	10

### 4. Helstu umræður

Anna Alexandersdóttir og Magnús Jónsson boðuðu forföll.




## Fundargerð Íþróttafélagið Höttur

### Notkun á Hettunni

Formaður aðalstjórnar fór yfir fund með Rekstrarfélagi Hattar þar sem rædd var notkun á Hettunni. Óskað var eftir því á þeim fundi að stjórnir deilda og aðalstjórn myndi fá litla herbergið í Hettunni til notkunar og rekstrarfélagið yrði fært yfir í stóra herbergið. Þetta var samþykkt af öllum í aðalstjórn. Jóney Jónsdóttir vildi vekja athygli á því að reglur um bókun á fundaraðstöðu yrði virt.

### Styrk úthlutun 2011

Formaður aðalstjórnar kynnti skiptingu styrkja úthlutuna og fjárhæð þeirra til hvers deildar. Skipting var gerð eftir iðkendafjölda hvers deildar fyrir árið 2010. Engar athugasemdir voru gerðar. Framkvæmdastjórn lagði fram tillögu um að framlag körfuboltadeildar yrði ekki greitt út heldur færi til niðurgreiðslu á láni við aðalstjórn. Sú tillaga var samþykkt með öllum atkvæðum.



### Stefna gegn einelti

Formaður hafði óskað eftir breytingar tillögum fyrir fundinn og bárst svar frá Kristjáni og Önnu varðandi orðalag og inntak vegna stefnunnar. Farið var yfir þær breytingar og stefnan samþykkt með öllum atkvæðum. Ákveðið var að fara í kynningarstarf í deildum og setja upp sér síðu vegna stefnunnar á hottur.is.

### Sækja að nýjum styrktaraðilum

Rætt var um 2 fyrirtæki sem eiga rekstur á Fljótsdalshéraði og hvort Höttur ætti að sækja að þessum félögum sem eitt í stað hvers deildar. Það var samþykkt að formaður myndi ganga í að kanna grundvöll þessara tveggja fyrirtækja á samstarfi.

### Fánar

Framkvæmdastjórn ákvað á fundi sínum að gefa hverri deild fána til eignar. Fánar voru afhendir þeim deildum sem áttu fulltrúa á fundi. Formaður koma fánum til körfuboltadeildar og blakdeildar eftir fund.



## Fundargerð Íþróttafélagið Höttur

### Jafnréttisstefna Hattar

Samþykkt er tillaga formanns að fara í næst vinnu á jafnréttisstefnu Hattar til að tryggja jafnræði milli kynja innan Hattar. Aðalstjórn samþykkir að framkvæmdastjórn muni leiða þessa vinnu og leggja fram stefnu fyrir aðalstjórn á næstu mánuðum.

### Lán til fimleikadeildar

Framkvæmdastjórn barst ósk um lán til fimleikadeildar vegna áhaldakaupa. Það var samþykkt í framkvæmdastjórn og því sett fyrir aðalstjórn sem samþykkti lánið. Áætlað er að greiða niður nálið til aðalstjórnar um mitt næsta ár. Upphæð láns er 1 milljón króna.

### Önnur mál

Undir önnur mál var rætt meðal annars framkvæmd fundar formanna vegna tímatöflu fyrir næsta ári. Samþykkt var að ekki yrði þjálfarar eða aðrir leyfðir á þann fund, aðeins formenn deilda gætu sótt þann fund.

Einnig ræddi Jón Jónsson um skýrslu sem hópur hefur unnið að vegna byggingu nýs fimleikahúss. En á næsta fundi mun verða kynning fyrir aðalstjórn og málið tekið fyrir.

Fanney benti á mikilvægi þess að einhver annar en formaður skrifaði fundargerð og mun því Jón Óli Benediktsson sjá um fundargerðir á næstu fundum.

## 5. Helstu ákvarðanir/niðurstöður

Stefna gegn einelti innan Hattar samþykkt.

Lán til fimleikadeildar vegna áhaldakaupa samþykkt.

## 6. Aðgerðalisti

Hvað	Hver	Í samvinnu við	Dags.

Fundi slitið kl 21:15.

Davíð Þór Sigurðarson